

Við

Við, sem fljúgum um loftið í flísum og rignum til jarðar eins og kjötstykki, við biðjum íbúa hins siðmenntaða heims alveg innilegrar afsökunar, hvern og einn einasta, menn, konur og börn, á því að dúkka svona upp á þeirra öruggu heimilum án leyfis. Við biðjumst afsökunar á því varanlega marki sem innyfli okkar hafa sett á drifhvítt minni þeirra, á því að skaða hugmynd þeirra um hina fullkomnu og heillegu manneskju. Blygðunarlaust höfum við stökkið lóðbeint inn í fréttatíma og skotið upp kollinum á vefsíðum og í dagblöðum, nakin, að frátöldu blóði okkar og brunnum líkamsleifum. Við biðjum alla þá afsökunar sem hafa ekki þorað að horfa beint í sár okkar af ótta við að fá velgju, og þá sem geta ekki klárað kvöldmatinn sinn eftir að hafa óvart séð ferskar myndir af okkur í sjónvarpinu. Við biðjumst forláts á þeim þjáningum sem við höfum valdið öllum þeim sem hafa séð okkur í þessu ástandi; ófegraðar flygsur og tætlur sem eru hvorki saumaðar saman né sópað upp áður en þær birtast á skjánum. Við biðjum ísraelsku hermennina einnig afsökunar, þá sem fengu það erfiða hlutskipti í flugvélum sínum og skriðdrekum að þrýsta á takkana sem sprengdu okkur í búta – við afsökum hvað við afmynduðumst hrikalega eftir að þeir miðuðu á okkar mjúku höfuð. Við afsökum allar stundirnar sem þeir þurfa nú að eyða á geðdeildum til þess að reyna að verða aftur manneskjurnar sem þeir voru áður en þeir umbreyttu okkur í óhuggulega líkamsparta sem ofsækja þá í svefni. Já, við erum þessir partar sem sjást á öllum skjám og í öllum miðlum og ef þið mynduð reyna að raða þeim saman, eins og púsluspili, mynduð þið fá skýra mynd af okkur, svo skýra að þið gætuð aldrei aðhafst neitt framar.

Ghayath Almadhoun

Translation: Sigurbjörg Prastardóttir